

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 135. löggjafarþings, frá 29. maí 2008, eða síðar ef nauðsyn krefur, til 2. september.

*Gjört á Bessastöðum, 27. maí 2008.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*“

Alþingi samþykkti hinn 29. maí ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 135. löggjafarþings, frestað hinn 30. maí 2008.

*Forsætisráðuneytinu, 30. maí 2008.*

**Geir H. Haarde.**

---

*Bolli Þór Bollason.*